

MEDAL EFNIS

- Hvernig getum við notað upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf?
- Samnorræn rannsókn um gæði náms- og starfsráðgjafar
- Upplýsingar og ráðgjöf gegnum Facebook og Twitter
- Svót greining á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SAENS)


gefur út fréttabréf

Fréttabréf Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SAENS) kemur nú út í fyrsta sinn. Stefnt er að útgáfu þess tvisvar til þrisvar á ári. Markmið með útgáfunni er að vekja athygli á ýmsum atriðum er koma við sögu í þeim verkefnum sem unnin eru á setrinu. Þá er það einnig markmið að flytja fréttirnar í aðgengilegu formi, en ársskýrslur gefa ítarlegri mynd af starfsemi setursins (sjá fyrstu ársskýrslu á vef SAENS www.saens.hi.is).

Hér er stigið það skref að þýða orðið lifelong guidance sem ævilanga náms- og starfsráðgjöf.

Þetta nýja viðhengi við heiti fagsins undirstrikar þá þróun sem orðin er á starfsferli nútímamannsins; ævilangt er hann að fást við breytingar á starfsferli sínum.

Sjá nánari lýsingu á verkefnum SAENS á baksíðu Fréttabréfsins.



Á Sérfræðisetri um ævilanga náms- og starfsráðgjöf er veitt sérfræðiaðstoð um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og stundaðar rannsóknir á starfsferli fólks á öllum aldri og á því sem getur orðið fólki til aðstoðar í námi og starfi.

Samstarf um stefnumótun í Evrópu

Evrópusambandið leggur mikla áherslu á eflingu náms- og starfsráðgjafar. Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur til dæmis gefið út tvær stefnumótandi yfirlýsingar um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar á síðustu árum (2004 og 2008). Vegna þessara yfirlýsinga var samstarfsnet 27

Evrópulanda um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf stofnsett árið 2007 (ELGPN, European Lifelong Guidance Policy Network). Íslenska mennta- og menningarmála ráðuneytið hefur verið þátttakandi í verkefninu frá upphafi. Haustið 2008 tók Ísland að sér að leiða vinnu-

pakka (work package) um aðgengi (access) að náms- og starfsráðgjöf ásamt Frökkum. Sumarið 2009 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf samning um að SAENS tæki að sér framkvæmd verkefnisins.

Hvernig fá nemendur upplýsingar og ráðgjöf á netinu?



Ráðgjafar nota tækni til að ná til fjöldans

Hvernig getum við nýtt möguleika upplýsinga- og samskiptatækninnar betur í ráðgjöf? Þetta er spurning sem SAENS hefur verið að skoða frá ýmsum hliðum undanfarna mánuði. Ljóst er að íslenskur almenningur hefur ekki aðgang að

hlutlausum upplýsingum um nám og störf. Ef íslenskur nemandi í 10. bekk hefur áhuga á að skoða hvaða möguleika hann hefur eftir skyldunám er flókinn upplýsingaheimur sem bíður hans. Nemandinn á erfitt með að finna hlutlausar upplýsingar um nám og lítið er til af lýsingum á störfum. Félagar hans í Bretlandi, Danmörku eða á Nýja Sjálandi sem vilja leita svara við

sömu spurningum geta farið inn á einn vef og fengið upplýsingar um nám og störf. Á þessum síðum eru einnig hæfniskannanir og áhugakannanir, leikir og spjallsvæði sem á að auðvelda þeim að taka ákvarðanir um áframhaldið. Þessar síður bjóða oft upp á ýmsa möguleika til að fá frekari ráðgjöf, síma- og netráðgjöf.

Dæmi um síður:

www.careers.gov.nz,

www.ug.dk

www.connexions-direct.com

www.careerswales.com

Í Frakklandi

hafa nýlega

verið

samþykkt lög

um náms- og

starfsráðgjöf.

Þar er kveðið

á um aðgengi

ungs fólks að

símaráðgjöf

Öflugar upplýsingaveitur nauðsyn



Í samstarfi innan ELGPN sést að öll Evrópulönd hafa komið sér upp öflugum upplýsingaveitum, þ.e. nema Ísland.

Kannanir á viðhorfi ungs fólks í Bretlandi til náms- og starfsráðgjafar sýna að flest leita ungmennin sér upplýsinga um nám og störf víða. Margir leita til foreldra sinna, til vina sinna, kennara og ráðgjafa.

Meirihlutinn (60,8%) notar vefinn meira en annað til að fá upplýsingar um nám og störf.

Þjóðverjar eru með mjög öflugt upplýsingakerfi í blöðum, bókum, sjónvarpi og á neti sjá t.d. vef fyrir ungt folk: www.planet-beruf.de

Frakkar hafa nýverið mótað nýja og umfangsmikla löggjöf um náms- og starfsráðgjöf og hafa lagt mikla áherslu á að endurskoða ráð-

gjafþjónustu hjá sér og er áhersla á aukið aðgengi að ráðgjöf og upplýsingum. Það verður hægt að nálgast ráðgjöf við hæfi í gegnum eitt símanúmer, eitt netfang og möguleiki gefin á að spjalla við ráðgjafa á netinu. Það fer eftir þörfum hvers og eins hvernig þjónustu viðkomandi fær. Sumir eru að leita að upplýsingum en aðrir þurfa á frekari náms- og starfsráðgjöf að halda.

Ráðgjafarnefnd í náms- og starfsráðgjöf stofnuð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stofnaði á síðasta ári ráðgjafarnefnd (e. national forum) um náms- og starfsráðgjöf. Í nefndinni sitja fulltrúar stofnana og hagsmunaaðila sem koma að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf: Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Miðstöð simenntunar á Suðurnesjum, Anna Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi HÍ.

Björg Kristjánsdóttir, formaður félags náms- og starfsráðgjafa, Erna Árnadóttir, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Mími Símenntun. Guðbjörg Vilhjámsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og stjórnarformaður SAENS. Guðrún Birna Kjartansdóttir, verkefnisstjóri SAENS (ritari nefndar).

Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Vinnamála- stofnunar á Vestfjörðum. Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ragnheiður Bóasdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sigríður Egilsdóttir, verkefnisstjóri á gæða- og lýðheilsusviði hjá Landlæknisembættinu.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðuneytinu til stuðnings meðal annars vegna ELGPN samstarfsins.

SAENS sér um að undirbúa og boða á fundi nefndarinnar.

Sautján þúsund aðdáendur á Fasbókinni í UK



Connexions <http://www.connexions-direct.com/> er þjónustusiða unga fólksins (13-19 ára) í Bretlandi. Þar er að finna upplýsingar um nám og störf, kannanir og hvatningu í ýmsu formi. Hægt er að fá upplýsingar

Upplýsingar og ráðgjöf á Facebook og Twitter

og ráðgjöf með því að hringja í þjónustu-síma, senda tölvu-póst eða sms. Einnig er hægt að spjalla við ráðgjafa gegnum netið (msn) eða senda spurningu á opið spjallsvæði (message board). Ráðgjafar nálgast ráðþega í gegnum miðla sem ungir notendur eiga auðvelt með að skilja og nota. Það nýjasta í þjónustunni er Facebook síða Connexions sem er með 17 þúsund aðdáendur. Þar

spyrja ráðgjafar ýmissa spurninga, benda unga fólkinu á námskeið og annað sem gæti nýst þeim í ákvörðunartöku og leit að námi og starfi við hæfi. Ráðgjafar stýra umræðunni en unga fólkið skrifar einnig um reynslu sína .

Annað sem ráðgjafar í Bretlandi nýta sér eru youtube myndbönd og twitter samskiptavefurinn.

Þessar samskiptaleiðir eru ódýrar en geta komið skilaboðum til þessa aldurshóps hratt og örugglega.



SAENS vann SVÓT greiningu á náms- og starfsráðgjöf.

Metnir voru

styrkleikar,

veikleikar,

ógnanir og

tækifæri á sviði

náms- og

starfsráðgjafar á

Íslandi.

SVÓT greining á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi

SAENS vann Svót greiningu á náms- og starfsráðgjöf á síðasta ári. Metnir voru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Styrkleiki náms- og starfsráðgjafar á Íslandi er til að mynda nýleg lög um lögverndun á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi. Einnig eru náms- og starfsráðgjafar starfandi á öllum skólastigum og menntunin á meistarastigi við Háskóla Íslands.

Dæmi um veikleika er til dæmis að ráðþegar hafa ekki aðgang að hlutlausum upplýsingum um nám og störf.

Annað sem er veikleiki á sviði náms- og starfsráðgjafar er að ekki er mikið vitað um gæði þjónustunnar.

Helsta ógn við náms- og starfsráðgjöf er niðurskurður í skólakerfinu vegna efnahags-erfiðleika í samfélaginu. Kreppan

virðist bitna mjög á ungu fólki (aldur 16-24 ára) sem einungis hefur lokið grunnskólaprófi.

Tækifæri eru víða á sviði náms- og starfsráðgjafar og má til dæmis nefna að stefnumótendur og stjórnendur hafa verið upplýstir um stöðu mála þegar kemur að notkun upplýsinga- og samskiptatækni (skortur á hlutlausum upplýsingum um nám og störf) og nú er tækifæri til að bæta úr.

Fyrsta samnorræna rannsóknin á sviði náms- og starfsráðgjafar

Sérfræðisetrið leiðir fyrstu samnorrænu matsrannsóknina á sviði náms- og starfsráðgjafar. Rannsóknin ber titilinn: Voice of users in promoting quality of guidance services for adults in the Nordic countries. Á fyrsta stigi rannsóknarinnar voru kannaðir lagatextar og aðrir stefnumótandi textar um náms- og starfsráðgjöf. Niðurstaðan var sú að unnt væri að sjá þrjá meginflokkka í stefnu-

mótun. Náms- og starfsráðgjöf á skv. Norrænni markmiðssetningu að bæta persónulega stöðu (citizenship), að bæta félagslega stöðu (social inclusion) og vera þjóðhagslega hagkvæm (economic impact).

Á öðru stigi rannsóknarinnar verða gæði náms- og starfsráðgjafar könnuð út frá þeim áhrifum sem ráðþegar geta haft á ráðgjafar-

samskipti og stefnumótun. Leitað verður til ráðþega, náms- og starfsráðgjafa og stefnumótenda til að taka þátt í rannsókninni. Gagnasöfnun fer fram í rýnihópum og með spurninglistum á vefnum.





FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Háskóli Íslands

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindastofnun, Gimli

Sæmundargötu 10

101 Reykjavík

Sími: 525-5874

Netfang: saens@hi.is og gbk4@hi.is



EUROPEAN LIFELONG
GUIDANCE POLICY
NETWORK

Stjórn SAENS skipa:

Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, stjórnarformaður

Björg Kristjánsdóttir, formaður FNS

Jónína Kárdal, deildarstjóri NSHÍ

Magnús Árni Magnússon, forstöðumaður

Félagsvísindastofnunar.

Starfsmenn SAENS:

Andrea Dofradóttir, verkefnisstjóri

Guðrún Birna Kjartansdóttir, verkefnisstjóri

Heimasíður: www.saens.hi.is

www.elgpn.eu

www.nordvux.net



Helstu verkefni SAENS

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf hefur samkvæmt reglum um SAENS eftirfarandi hlutverk:

- Eiga frumkvæði að og sinna rannsóknnum á sviði náms- og starfsráðgjafar.
- Sinna rannsóknartengdum þjónustuverkefnum.
- Efla tengsl rannsókna og kennslu.
- Samstarf við hagsmunaaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki, stéttarfélag og fleiri.
- Kynna samstarfsverkefni og niðurstöður rannsókna.
- Vera ráðgefandi, taka þátt og hvetja til umræðu um náms- og starfsráðgjöf í samfélaginu.

SAENS hefur verið starfandi frá 1. ágúst 2009 og hefur mestur

þungi starfseminnar verið á verkefnum sem tengjast ELGPN. Þar má nefna Svót greiningar, stefnumótun, kynningar á ELGPN með ýmsum hætt og fleira. Við lok síðasta árs fékk Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir stjórnarformaður SAENS styrk til að leiða samnorræna rannsókn á gæðum náms- og starfsráðgjafar (sjá bls. 3). Sú rannsókn tengist einnig vinnunni sem heldur áfram í ELGPN um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir leiðir einnig rannsóknarteymi á Íslandi sem er hluti af alþjóðlegri rannsókn undir stjórn Dr. Mark Savickas. Í íslenska teyminu eru einnig Dr. Sif Einarsdóttir og Dr. Friðrik H. Jónsson. Markmiðið í því verkefni er að þróa sál- mælingartæki á aðlögunarhæfni

(career adaptability) á náms- og starfsferli. Sú rannsókn er komin vel á veg og þegar þeirri vinnu er lokið munu ráðgjafar hafa gott mælitæki í höndunum til að aðstoða ráðþega við að styrkja aðlögunarhæfni sína.

Verkefni SAENS 2010:

ELGPN stefnumótunarstarf NVL samnorræn rannsókn CAAI þróun sál- mælingartækis um aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli.

Sjá nánar á: www.saens.hi.is